

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra.

Frá Jónönnu Sigurðardóttur.

1. Er ástæða til að ætla að efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra sé undirmönnuð og anní ekki þeim málum sem henni berast til rannsóknar?
2. Eru dæmi þess að dráttur á rannsókn mála hafi leitt til þess að refsingar séu mildaðar?
3. Hvernig hefur fjöldi mála sem borist hafa efnahagsbrotadeildinni þróast sl. þrjú ár og hvernig skiptist málafjöldinn milli brotaflokka?
4. Hvaða fjárveitingar hafa runnið til efnahagsbrotadeildarinnar sundurliðað sl. þrjú ár og hve margir hafa starfsmenn verið á þessum sama tíma?
5. Hve langur tími hefur að meðaltali farið í rannsókn mála hjá efnahagsbrotadeildinni skipt eftir málaflokkum og árum sl. þrjú ár?

Skriflegt svar óskast.